


# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Það er hætt við því, að af aukinni þekkingu í lífaflfræði, kynn, ef ekki fylgdi nægileg þekking í lífefnisfræði, að leiða meira illt en gott.

*Helgi Pjeturss*



---

Útgefandi: Félag Nýalssinna.  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:  
Ingvar Agnarsson.

# Kóróna sólar

(Sjá forsíðumynd)

Eitthvert fegursta en jafnframt hrikalegasta fyrirbæri sem getur að líta á himni, er almyrkvi á sólu. Áður fyrr var sólmyrkvi talinn boða váleg tíðindi, og menn urðu felmtri slegnir, er ljós sólar myrkvaðist skyndilega, þótt heiðskír væri himinn. Almyrkvi á sólu er mjög sjaldgæfur viðburður. Síðasti almyrkvi á Íslandi sást 30. júní 1954 og mun næst sjást hér árið 2026.

Pað, sem gerist við almyrkva á sólu er það, að tunglið gengur fyrir kringlu sólar, frá jörð að sjá og skyggir á hana. Almyrkvi getur orðið aðeins á tiltölulega litlu svæði. Vegna þess, hve þvermál sólar er margfalt stærra en þvermál tunglsins, nær endi tunglskuggans aðeins að snerta jörðina á líthum bletti, og fer mjög hratt yfir, eða um hálfan km á sekúndu. Almyrkvi getur því aldrei varað lengur en 8 mínútur á hverjum stað.

Stundum nær alskuggi tunglsins ekki alla leið til jarðar (þegar tungl er í jarðfirð), þótt tunglið gangi fyrir sólinu miðja. Þá verður hringmyrkvi á sólu, brún sólarinnar sést þá út undan tunglinu allt í kringum það.

Við almyrkva á sólu kemur kóróna sólar vel í ljós, en hún eins og geislar sér milljónir km útfrá yfirborði sólar, eins og sést á myndinni.

Á litmyndum koma einnig vel í ljós rauðir sólstrókar út frá sjálfu yfirborði sólarinnar. Er þar um að ræða stórkostleg sólgos, og er algengt að þau nái tugþúsunda km hæð. Hitastig sólgosa er oftast um  $12000^{\circ}$  C.

Pegar mikil sólgos geisa, berast rafmagnaðar agnir til jarðar og valda truflunum á rafhvolfi og segulsviði.

— — —

Mikil furðusmíð er sólin, sem heldur jörðinni og öðrum reikistjörnum sólhverfisins á brautum sínum, og veitir birtu sína og yl öllu lífi jarðar okkar.

Og enn furðulegra er þó að hugsa sér, að samt skuli þessi mikla sól okkar aðeins vera, sem eitt lítið sandkorn í ríki alheimstilverunnar, ef borin er saman við þann aragrúa stjarna, sem þar er um að ræða.

Pað er svo skammt síðan hinn mikli alheimur var uppgötvaður, og enn skemmtir síðan uppgötvað var hið mikla samband lífsins í þessum mikla heimi. Og sú uppgötuvun kom fram svo seint, að ekki mátti tæpara standa, ef takast ætti að bjarga mannkyni jarðar okkar frá yfirvofandi tortímingu. Því sú uppgötuvun vísar veg úr ógöngum. Er nú eftir að sjá, hvort íslensk gifta og íslenskt vit dugar til að uppfylla það ætlunarverk, sem þjóðinni hefur ætlað verið frá upphafi.

Íngvar Agnarsson.

# **Fréttir af félagsstarfi**

## **Félagsfundur 4. janúar 1978.**

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi, miðvikudaginn 4. janúar, og hófst hann kl. 21,00. Fundinn sóttu 17 manns.

*Formaður*, Kjartan Norðdahl, setti fundinn og stjórnaði honum, en Ingvar Agnarsson var fundarritari.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð síðasta félagsfundar, 7. desember 1977, og var hún samþykkt.

*Þorsteinn Guðjónsson* las upp bréf frá Kjartani Norðdahl, sem birtist í síðasta Félagsblaði, nr. 55, og bar fram tvær spurningar til Kjartans. 1) Vill Kjartan að umræður um þessi mál haldi áfram? og 2) Hvað er það, sem Helgi Pjeturss hefur haldið fram um þessi efni?

*Kjartan* svaraði þessum fyrirspurnum, og kvaðst hafa viljað, að fram kæmi hið rétta um það, sem Helgi Pjeturss hefði sagt um betta mál. Hann kvaðst, á sínum tíma, hafa komið hér á fundum fram með nokkrar spurningar, um ásakanir þær, sem áður voru bornar á dr. Helga Pjeturss.

### *Um Nýalsmál og fjölmíðla.*

*Kjartan Norðdahl* reifaði þau mál og kvað heldur lítið gert af okkar hálfu til kynningar á málefnum Nýals. Miðilsfundir eru haldnir, en framfarir litlar sem engar. Þó verður auðvitað að halda þeim áfram, og vinna þannig að málum, að um framfarir geti orðið að ræða.

Erlendis er sumstaðar um miklar breytingar að ræða, og þær færast mjög í átt til nýalskrar stefnu. — Kjartan kvað margar kvíkmyndir sýndar erlendis, um líf á stjörnum og lífsambönd milli hnatta og vetrarbrauta. — Kvíkmynd hefur verið gerð um fljúgandi diskar, þar sem m. a. er gert ráð fyrir að fljúgandi diskar komi hingað til jarðar. — Í einni kvíkmynd er fjallað um komu tveggja barna til jarðar okkar, frá öðrum hnetti, og skýra þau frá því,

að tvær sólir lýsi þeirra heimahnerti. — Sjónvarpsstöðvar erlendis flytja oft myndir, sem snerta líf á öðrum hnöttum. — Hér á landi er lítið sem ekkert um þessi mál í fjölmíðlum, og það litla sem framleitt er hér af kvíkmyndum er lítið annað en hryllingur og viðbjóður.

Sl. júlí var haldin hér ráðstefna frægra vísindamanna frá 20 löndum, um framlíf lífsins á jörðunni, um vistfræði jarðar o. s. frv. Í lok hennar kom fram bæklingur:

„Aðvörun frá Rvík um framtíð lífs á jörðu“. Sú ályktun var gerð á fundi þessum að almesta stórslys, sem enn hefur gerst á jörð okkar, muni gerast í tíð nýlifandi manna. Aftur á að halda ráðstefnu, þar sem aðalefnið verður: „Hvað verður gert þegar olíuna þrýtur?“

Nýlega hafa birst útreikningar um, að reikistjarna snúist um tvístírnið Zigny, en stjörnufræðingar hafa lengi reynt að reikna út á hvern hátt slíkt geti gerst. Haldið hefur verið, að reikistjörnur og líf gæti ekki verið í tví- og þrístirnum, en nú þykir sannað, að slíkt geti vel átt sér stað.

Hvert er það samband efnis og anda sem veldur fljúgandi diskum og líkamningum? Þetta hugleiða vísindamenn nútímans.

Einhverntíma hefur verið til vatn á Mars, væri hugsanlegt, að lífverur hefðu í aldanna rás getað aðlagast þar aðstæðum smátt og smátt og haldið lífi, þótt nú væri þar ekki til vatn lengur.

Gætu vaknað upp samtök mótt öllu því mikla og jákvæða, sem nú er að gerast um alla jörð? Já, samtök efasemdarmanna hafa verið stofnuð til baráttu gegn fyrirburðafræðinni og öllum óskýrðum fyrirbærum. Peir vilja berjast gegn hinni „Nýju vitleysu“, New nonsens, sem þeir kalla svo, en þar eru m. a. fyrirbæri, svo sem: Fljúgandi diskar, skrímslið í Loch Ness, Uri Geller, ESP og yfirleitt allt sem flokkast getur undir ósönnuð fyrirbæri.

Einn merkismaður, dr. Carl Sagan stjörnufræðingur og mikill fyrirlesari, er þátttakandi í þessari andófshreyfingu, en við hann hefði mátt binda miklar vonir, miðað við þau ummæli, sem hann hefur áður viðhaft um þessi mál.

Að loknu máli sínu um það nýjasta, sem er að gerast á svíðum fyrirburðafræða og annarra skyldra málefna sýndi Kjartan fjölmargar, enskar, nýjar bækur um mál er snerta fyrirburðafræði, og skýrði nokkuð frá helsta efni hverrar um sig.

*Helgi Guðlaugsson* tók til máls og skýrði frá starfseminni að Njálgsgötu 40. Formlegar samkomur hafa verið haldnar 14, 3 kaffi-

kvöld, og 11 miðilsfundir. Á tveimur fyrstu samkomunum var einkum rætt um hvað gera skuli. En á þriðja fundinum voru bornar fram spurningar um kenningar Nýals, og ýmis svör bárust, og var þátttaka í umræðum mjög almenn, og var andrúmsloftið þarna ánægjulegt og lofar góðu. Fundir verða annan fimmtudag í hverjum mánuði framvegis. Næsta kvöldvaka verður því annan fimmtudag í næstu viku.

Á kvöldvökum er tekinn aðgangseyrir kr. 600,00 en kr. 300,00 á miðilsfundum, en þeir verða á hverjum þriðjudegi. Örn og Pétur hafa haldið sérmíðilsfundi á hverjum laugardegi með ca. 7 þáttakendum og mun svo verða framvegis. Þar er einnig tekinn aðgangseyrir.

Ætlunin er að koma upp bókasölu að Njálsgötu 40, bæði þeim er gefnar eru út af Félagi Nýalssinna og einnig aðrar er styðja þetta mál.

Kjartan Norðdahl sagði: Hugmynd hefur komið fram um að kalla þennan stað Nýalsbúð.

Örn Friðriksson talaði næstur og kvað það sína ætlan, að of mikið væri bókað af þeim umræðum, sem fram fara á félagsfundum, og síst af öllu ætti að birta þessar fundargerðir í félagsblaðinu.

Örn sagði að annað þarfara ætti að birtast í félagsblaðinu, t. d. útdrættir úr merkum bókum o. m. fl.

Næstur tók til máls *Þorsteinn Guðjónsson* og las útdrátt úr fundargerð, þar sem heimtað var, að nánar væri skýrt í Félagsblaðinu, frá tilteknum umræðum, sem fram fóru á þeim fundi.

*Guðmundur Jónsson* á Kópsvatni kvað félagsmenn út um land óska eftir að geta fylgst með því, sem fram færí á félagsfundum og það væri því aðeins hægt, að fundargerðir væru birtar í félagsblaðinu og sendar þeim.

*Ingvar* kvað bestu lausnina vera þá að leggjast á eitt með að gera félagsfundina skemmtilegri, en verið hefur, og þar með yrðu fundargerðirnar líka ánægjulegri.

*Sigríður Jónsdóttir* las um ást og vináttu, úr erindi, sem birtist í bókinni Truntusól eftir Sigurð Guðjónsson, sem kom út fyrir nokkrum árum.

*Guðmundur* á Kópsvatni ræddi um þær mörgu bækur sem Kjartan sýndi okkur úr tösku sinni. Hann lagði til að stjórn félagsins veldi svo sem þrjár bækur og fengi góðan þýðanda, og gæfi svo þessar bækur út.

*Þorsteinn Guðjónsson* sagði frá því, að í Ameríku hefði verið

uppgötvað að nýju lögmál rangþýðinganna í draumum.

*Kjartan Norðdahl:* Allar merkar amerískar bækur innihalda nafnaskrá, efnisskrá. En besta bók, sem ég hef séð, hefir ekki slíka efnisskrá, en sú bók kemst næst kenningum Helga Pjeturss, í skilningi á tilverunni.

*Guðmundur á Kópsvatni* gat þess, að í grein um Egil Thoraren- sen í ritinu Andvari, sé vitnað í Þónýal og tekin þar upp orðrétt tilvitnun eftir Helga Pjeturss.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir til umræðu og var fundi slitið kl. 23,15.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 1. febrúar 1978.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 1. febr. 1978 að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi.

*Formaður, Kjartan Norðdahl* setti fund og stjórnaði honum sjálfur. Bað hann Helga Guðlaugsson að rita fundargerð í föllum Ingvars Agnarssonar, sem staddur var erlendis. Af þeiri ástæðu var ekki hægt að lesa fundargerð síðasta fundar. 8 manns sóttu fund.

Þessir tveir menn sóttu um inngöngu í félagið á fundinum: *Guðmundur Bergmann Jónsson*, Hvassaleiti 16, Rvík og *Stefán Pengill Jónsson*, Stóragerði 22, Rvík. Voru þessar inntökubeiðnir bornar upp og samþykktar einróma.

Pá skýrði formaður frá því að á síðasta fundi sínum hefði stjórn félagsins ákvæðið að leggja fyrir þennan fund tillögu um að kjósa þriggja manna nefnd til þess að endurskoða lög félagsins og leggja tillögur sínar í því efni fyrir félagsfund í marz n. k. Var þetta samþykkt og eftirtaldir menn kosnir í nefndina: Kjartan Norðdahl, Gunnar Grímsson og Benedikt Björnsson.

Upplestri sem átti að vera næsta fundarefni var frestað þar til síðar vegna þess hve fundurinn var illa sóttur.

Undir síðasta dagskrálið: öðrum málum, tóku nokkrir fundarmenn til máls og ræddu um ýmis viðfangsefni félagsins. En þar sem engar tillögur voru fram bornar og engar samþykktir gerðar, þykir ekki ástæðu til rekja þær umræður nánar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. rúmlega 22.

*Helgi Guðlaugsson, fundarritari.*

## Félagsfundur 1. mars 1978.

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 1. mars 1978. Á fundinum mættu 16 manns.

- Formaður, Kjartan Norðdahl*, setti fundinn og stjórnaði honum.  
Peir sem sóttu um inngöngu í Félag Nýalssinna voru eftirfarandi:  
1. Katrín K. Söebeck, Suðurgötu 31, Hafnarfirði, sími 51250.  
2. Ásdís Eyjólfssdóttir, Hofsvallagötu 16, Rvík.  
3. Steinunn Þorsteinsdóttir, Hringbraut 88, Rvík.  
4. Póra Steinþórssdóttir, Háaleitisbraut 34, Rvík.

Fundurinn samþykkti inntöku þessara umsækjenda.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð frá 4. janúar 1978, og var hún samþykkt.

*Helgi Guðlaugsson* las fundargerð frá 1. febrúar 1978 og var hún einnig samþykkt.

### Kynning lagabreytinga.

*Kjartan Norðdahl* bar fram nokkrar tillögur um lagabreytingar, og verða þær bornar fram á aðalfundi til endanlegrar afgreiðslu. Hann lagði til að félagsfundir yrðu felldir niður í júní, júlí og ágúst, nema óskir um annað bærust stjórninni frá einhverjum ákvæðnum fjölda félagsmanna.

Lagabreytingatillögur höfðu borist frá *Guðmundi Jónssyni* á Kópsvatni og las *Kjartan* þær upp. Var þar mikilvægust tillaga hans um umboð, þannig að félagsmaður mætti fara með umboð frá öðrum félagsmönnum, sem ekki væru viðstaddir á fundum.

*Ingvar* bar fram þær breytingar við tillögu Guðmundar um umboð, að umboð eins manns skyldi takmarkast við 10 umbjóðendur, og að þeir umbjóðendur mættu ekki eiga heima skemmra frá Reykjavík en 30 km, því þeir sem heima ættu á höfuðborgarsvæðinu ættu sjálfir að geta mætt á fundum.

Talsverðar umræður urðu um ýmsar af tillögunum um lagabreytingar og einkum um tillögu Guðmundar um rétt til umboðs.

Eftirfarandi félagar tóku til máls um þessi efni: Atli Hraunfjörð, Magnús Norðdahl, Sigríður Jónsdóttir, Helgi Guðlaugsson, Ingvar Agnarsson, *Kjartan Norðdahl* og Benedikt Björnsson.

Lögum samkvæmt skal stjórn félagsins bera fram tillögur um stjórn eða um breytingar á stjórn félagsins, á síðasta félagsfund fyrir aðalfund.

*Kjartan Norðdahl* bar fram eftirfarandi uppástungur:

Formaður: Atli Hraunfjörð, varaformaður: Marta Sveinbjörnsdóttir, gjaldkeri: Gunnar Grímsson og varamaður: Magnús Norðdahl.

Aðrir í stjórn voru kosnir á fyrra ári til tveggja ára.

*Benedikt Björnsson* ræddi um starfsmiðstöð félagsins að Njálsgötu 40. Hvað er framundan? Hverníg á að vera unnt að halda húsinu? Á þessu ári þarf að greiða 3 milljónir vegna hússins. Benedikt taldi sjálfsagt að selja eitthvað af þeim 6 ha sem þegar hefur verið úthlutað, jafnvel alla þessa 6 ha.

Benedikt kvaðst ætla að hægt verði að selja hvern hektara á 1 millj. kr.

*Magnús Norðdahl*: Hús á Álfhólsvegi 121 stendur ónotað. Ég legg eindregið til, að selt verði sem mest af landi félagsins í Laugardal svo hægt verði að styðja þann öfluga félagsskap, sem nú starfar að Njálgötu 40.

*Ingvar Agnarsson* bauðst til að sjá um útgáfu á Félagsblaði Nýalssinna og á tímaritinu Lífgeislar, þetta ár og til næsta aðalfundar 1979, án kostnaðar fyrir félagið.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 23,10.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Aðalfundur 5. apríl 1978.

*Aðalfundur Félags Nýalssinna* var haldinn miðvikudaginn 5. apríl 1978, að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi og hófst hann kl. 21.

Fundinn sóttu 47 manns.

*Formaður, Kjartan Norðdahl*, setti fundinn. Gunnar Grímsson tók síðan við fundarstjórn en Ingvar Agnarsson ritaði fundargerð (báðir að ósk formanns).

Dagskrá hljóðaði svo:

1. Inntaka nýrra félaga.
2. Lesin fundargerð síðasta félagsfundar.
3. Aðalfundarstörf.
  - a. Skýrsla formanns.
  - b. Skýrsla gjaldkera.
  - c. Lagabreytingar.
  - d. Stjórnarkjör.
4. Tillaga um landsöllumál.
5. Önnur mál.

Eftirfarandi aðilar sóttu um inngöngu í félagið, og voru nöfn þeirra borin upp:

*Ásta S. Stefánsdóttir*, Asparfelli 2, Rvík, sími 76295.

*Ragnar Alfreðsson*, Máfahlíð 1, Rvík.

*Gústaf Sigurgeirsson*, Ljósheimum 8, Rvík, sími 84836.

Inntaka þessara manna í félagið var samþykkt.

*Ingvar Agnarsson* las fundargerð frá félagsfundí 1. mars sl. og var hún samþykkt.

*Pórhallur Sigmundsson* tók til máls og ræddi um skort á góðum anda á fundum félagsins, um útþenslu í byggingastarfsemi, um sölu á eignum félagsins og um nauðsyn aukinnar samstillingar og góð-vildar.

*Halldór Vigfússon* tók undir orð Pórhalls um aukningu samstillingar og um nauðsyn stórrar stjörnusambandsstöðvar, sem þó gæti aðeins náð tilgangi sínum, ef samstilling og samhugur næðist. Annars yrði það ekki til góðs.

*Pétur Gislason* tók til máls og ræddi um uppgötvanir Helga Pjeturss og nauðsyn þess, að ví sindamenn tækju þessi málefni upp á arma sína.

#### *Efnahags- og rekstursreikningur.*

Gunnar Grímsson, gjaldkeri félagsins, las síðan upp reikninga félagsins og skýrði einstaka liði þeirra.

Gunnar ræddi um starfsemina á Njálgsgötu 40 og um kostnað og nokkrar tekjur af aðgangseyri á þeim stað, en sem enn hefur ekki borist að fullu greinargerð um.

Skýrsla Gunnars um efnahags- og rekstursreikning félagsins var samþykkt einróma.

*Guðmundur Jónsson* á Kópsvatni, endurskoðandi félagsins, ræddi um efnahags- og rekstursreikning félagsins, sem hann kvað vera í fyllst lagi frá hendi Gunnars og minntist hann á nokkur atriði viðvíkjandi sölu, sem fram fór á hluta landsins á árinu 1977 og um húsakaupin að Njálgsgötu 40.

*Guðmundur Jónsson* léti í ljós það álit sitt að sala á hluta landsins hefði ekki farið fram og færði þau rök fyrir þessu áliti sínu að skv. efnahagsreikningi hefði húseignin að Njálgsgötu 40 verið lækkuð í verði fyrir samsvarandi upphæð.

#### *Lagabreytingar.*

Gunnar Grímsson, fundarstjóri, tók til máls og kvað tillögur um lagabreytingar vera næsta mál á dagskrá. Samkvæmt tilmælum

hans las Kjartan Norðahl upp og kynnti tillögur þær um lagabreytingar sem hann bar upp á fundi 1. mars sl. og þá voru ræddar tillögur, sem nú lægi fyrir og ræða nánar og gera samþykktir um.

Voru tillögur teknar fyrir, svo sem hér segir:

1., 2. og 3. grein haldist áfram óbreyttar.

4. grein orðist svo:

*Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Einnig skal kjósa 2 menn til vara. Sá þeirra sem blýtur fleiri atkvæði við kosningu telst 1. varamaður.*

*Stjórnin skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, að undanteknum júní, júlí og ágústmánuði. Stjórnarfundur er lögmætur ef minnst 4 menn úr hópi aðalstjórnenda og varamanna eru mættir.*

Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Eigi síðar en tveim mánuðum fyrir aðalfundi skal á félagsfundí kjósa þriggja manna nefnd til þess að stinga upp á mönnum í stjórn næsta kjörtímabil. Á félagsfundí í marsmánuði skal nefndin leggja fram tillögur sínar. Á sama fundi geta félagsmenn borið fram tillögur um aðra menn í stjórn. Þar með er lokið uppástungum um stjórnarkjör.

Stjórnin skal kosin á aðalfundi og er kjörtímabil hennar tvö ár. Hefst það að lokinni kosningu.

Framhald 4. greinar verði óbreytt.

Urðu un. tillögu þessa nokkrar umræður, en atkvæðagreiðsla fél þannig, að 20 studdu tillöguna en 12 voru á móti. Verður því 4. grein laganna óbreytt eins og hún var áður, því  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða þarf til að koma á lagabreytingum.

5. grein falli niður:

Atkvæðagreiðsla um þá tillögu féll þannig að 15 voru með brottfalli þessarar greinar en 9 voru á móti. Pessi breyting náði því ekki samþykki.

6. og 7. grein haldast því óbreyttar.

8. grein verði 7. grein og orðist svo:

*Félagsfundir hafa æðsta vald í málæfnum félagsins. Tillögur um meðferð og ráðstafanir á eignum félagsins öðlast því aðeins samþykki að þær hljóti stuðning tveggja þriðju hluta greiddra atkvæða atkvæðisbærra*

*fundarmanna á lögmætum fundi. Um dagskrártillögur og annað varðandi daglegt starf og rekstur félagsins gildir einfaldur meiribluti.*

*Félagsfundi skal halda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði og oftar ef stjórnin telur ástæðu til. Heimilt er þó að fella niður reglubundna fundi í júní, júlí og ágústmánuði, en skylt er að boða til aukafunda innan tveggja vikna eftir að tilmæli um það hafa borist stjórninni, ef 5 fullgildir félagsmenn óska þess bréflega og rökstyðja þá ósk.*

*Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. miðvikudag aprílmánaðar. Skal boða hann skriflega með dagskrá, með 14 daga fyrirvara. Hann er lögmætur ef hann er löglega boðaður, án tillits til fundarsóknar.*

Umræður urðu nokkrar um þessar tillögur til breytinga á 8. grein og tóku til máls Pétur Gíslason, Þorsteinn Guðjónsson, Guðmundur Jónsson o. fl.

Var síðan fyrsti hluti 8. greinar borinn undir atkvæði og samþykktur með 20 atkvæðum. Enginn var á móti.

Pessi grein verður 8. grein sem áður.

Miðhluti breytingartillögunnar var ekki borinn undir atkvæði.

Priðji hluti tillögunnar var borinn undir atkvæði og samþykktur með 27 atkvæðum á móti 0.

*Guðmundur Jónsson* á Kópsvatni tók til máls og skýrði tilefni og tilgang þessarar lagagreinar. Lagði hann til (skv. tillögu hans 1. mars) að með fundarboði vegna aðalfundar, væri félagsmönum send skrá yfir félagatal, afrit af reikningum síðasta árs og tillögur þær, sem fram hefðu komið um menn í stjórn. Tillaga hans var svohljóðandi:

*Inn í 8. gr. bætist:*

*Með aðalfundarboði skal fylgja skrá um félagsmenn, reikningar síðasta árs ásamt athugasemdum endurskoðenda og framkomnar tillögur um menn í næstu stjórn.*

9. grein verði 8. grein. Fyrri málsgrein, sem endar á orðunum „starfsemi þess“ haldist óbreytt en niðurlagið orðist svo:

*Félagsmaður öðlast atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa sex mánuðum eftir inngöngu sína í félagið, enda hafi hann greitt inntökugjald og sé skuldlaus við félagið.*

Félagsgjöld hvers árs skulu greiðast á tímabilinu 1. jan. til 1. okt. þess sama árs. Þeir sem ekki hafa greitt árgjaldið að þessum tíma liðnum teljast orðnir skuldugir við félagið en skulu þó halda fullum réttindum til aðalfundar næsta árs. Eftir það teljast þeir aukafélagar uns þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Aukafélagar hafa rétt til fundasetu, málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt eða kjörgengi.

Hafi félagsmaður eigi greitt gjöld sín s. l. þrjú ár fellur hann sjálfkrafa út af félagaskrá.

Þessi breytingartillaga var samþykkt með 32 atkvæðum gegn 0.

Vegna þess að 5. gr. helst óbreytt hefur aðeins miðhluti þessarar greinar verið samþykktur, því annars væri um endurtekningu á 5. gr. að ræða.

10. grein verði 9. grein og haldist óbreytt. (Verður 10. gr. áfram).

Guðmundur Jónsson bar fram fyrri tillögu sína um breytingu 10. greinar en hún hljóðar svo:

10. gr. orðist svo:

Stjórnin sér um, að reikningsskil séu gerð árlega, og skulu þau miðast við almanaksárið. Aðalfundur kýs two endurskoðendur, og skulu þeir kosnir blutfallskosningu, ef ósk um slíkt kemur fram. Endurskoðendur skulu fá reikninga félagsins til athugunar ásamt fylgiskjólum ekki síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund, og skulu þeir ljúka endurskoðun eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund. Reikningar félagsins ásamt fylgiskjólum og umsögn endurskoðenda skulu liggja frammi til athugunar fyrir félagsmenn síðustu vikuna fyrir aðalfund. Stjórnin leggur síðan reikningana fyrir aðalfund ásamt umsögn endurskoðenda.

Var tillagan borin undir atkvæði. Voru 13 með en 10 á móti. Náði hún því ekki samþykki.

11. grein verði 10. grein og orðist svo:

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þarf til þess two þriðju bluta greiddra atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur um lagabreytingar skulu kynntar á félagsfundi eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

Voru 18 með breytingunni en 2 á móti og var hún því samþykkt. (11. gr. verður 11. gr. áfram).

12. grein verði 11. grein og haldist óbreytt: (12. gr. verður áfram 12. gr.).

Breytingartillaga Guðmundar Jónssonar er á þessa leið:

12. gr. orðist svo:

*Sé félagini slitið eða það leggst niður, skulu eignir þess afbendast Háskóla Íslands til varðveislu, unz stofn-  
að hefur verið félag með sömu stefnuskrá og þetta félag  
hefur (sbr. 2. gr.). Ef slikt félag hefur ekki verið stofnað  
að 10 árum liðnum, er Háskóla Íslands heimilt að verja  
eignunum til líffræðilegra rannsókna á kenningum dr.  
Helga Pjeturss.*

Guðmundur Jónsson gerði grein fyrir breytingartillögu sinni við pennan lið laganna. Var sú tillaga borin undir atkvæði. Voru 11 með en 13 á móti, og var hún því ekki samþykkt.

*Tillaga frá Guðmundi Jónssyni um nýja lagagrein var borin fram,  
svohljóðandi:*

*Félagsmaður getur falið öðrum félagsmanni að fara  
með atkvæði sitt á fundum félagsins með skriflegu um-  
boði. Slikt umboð má vera framseljanlegt en ekki gilda  
lengur en í þrjá mánuði. Umboð fellur einnig úr gildi  
með nýju umboði eða um stund, ef viðkomandi félags-  
maður mætir á fundi.*

Guðmundur mælti fyrir tillöggunni og skýrði tildög hennar og ástæður fyrir réttmætri hennar.

Atkvæði féllu þannig að 15 voru með henni en 19 á móti, og var hún því felld.

Breytingartillaga Ingvars Agnarssonar var svohljóðandi:

*„Umboð einns manns takmarkast við 10 umbjóðend-  
ur og mega þeir ekki eiga heima skemmta frá Reykjavík  
en 30 km.“ (Sjá nánar fundargerð síðasta fundar).*

Var hún borin undir atkvæði. Voru 20 með en 16 á móti, og náði því ekki samþykki.

Pétur Gíslason bar fram svofellda tillögu:

*Formáli. Grundvöllur félagsins. Félag þeirra manna,  
sem hafa trú á Helga Pjeturss og rannsóknum hans.  
Félagið starfar á grundvelli náttúrufræðinnar. Þar sem  
samþykktir félagsins greinir á við grundvöll náttúru-  
fræðinnar, skal þessi grundvöllur ráða. - Pétur Gíslason.*

Voru 10 meðmæltir því að tillaga Péturs yrði borin undir atkvæði en 17 á móti. Tillagan var því ekki borin upp.

*Stjórnarkjör:* Næsta mál á dagskrá var kjör stjórnar. Bar fundarstjóri fram tillögu um eftirfarandi breytingar á stjórn félagsins; en þær breytingar voru áður bornar fram á síðasta félagsfundi. Tillögurnar voru frá Kjartani Norðdahl:

*Atli Hraunfjörð*, formaður, í stað Kjartans Norðdahl.

*Marta Sveinbjörnsdóttir*, varaformaður, í stað Helga Guðlaugs-sonar.

*Magnús Norðdahl*, varamaður, í stað Benedikts Björnssonar.

*Gunnar Grímsson*, gjaldkeri, verði endurkjörinn.

(Aðrir í stjórn félagsins voru kosnir til tveggja ára, á síðasta aðalfundi (þ. e. 1977), þeir: Ingvar Agnarsson, Þorsteinn Guðjónsson og Sigríður Jónsdóttir og er því ekki kosið um stöður þeirra).

Tillögur um fyrرنefnda fjóra menn í stjórn félagsins voru bornar fram á síðasta félagsfundi 1. mars 1978. Aðrar uppástungur um menn í stjórn komu ekki fram á þeim fundi. Taldi fundarstjóri því, að hinir nýju menn væru sjálfkjörnir (skv. 4. grein laga F. N.), og þyrfti ekki að bera þá undir atkvæði.

Tóku nú ýmsir til máls um þessa meðferð stjórnarkjörsins og kom í ljós sá skilningur, að í 4. grein laganna væru ekki skýr ákvæði um þetta atriði, og væri því ekkert sem mælti á móti því, að enn mætti bera fram tillögur á þessum fundi um aðra menn í stjórn. Tóku nú margir til máls og sýndist sitt hverjum um túlkun 4. greinar laganna, þar sem fjallað er um stjórnarkjör. Kom og fram það álit, að nauðsyn bæri til að breyta þessari lagagrein á næsta aðalfundi, til að taka af allan vafa um túlkun hennar.

Var loks fallist á að leyfa skyldi nú fleiri uppástungur um menn í stjórn og skyldi kosið skriflega um þær stöður, þar sem uppástungur væru um fleiri en einn.

Var borin fram tillaga um eftirfarandi menn: *Páll Steinarsson, Hlíð*, varaformaður. *Pórhallur Sigmundsson*, varamaður.

Aðrar uppástungur til viðbótar þeim fyrri um menn í stjórn komu ekki fram.

Magnús Sigurðsson bar upp svofellda tillögu:

*„Fundur í Félagi Nýalssinna 5. apríl 1978 samþykkir að fram fari skrifleg atkvæðagreiðsla um allar tilnefningar manna í stjórn félagsins sem fram koma á þessum fundi. — Magnús Sigurðsson.*

Tillagan var ekki rædd eða borin undir atkvæði.

En nú var orðið mjög áliðið kvölds og ýmis mál önnur en stjórnarkjörið voru enn óafgreidd. *Kjartan Norðdahl* bar því fram svo hljóðandi tillögu:

*„Ég legg til, að boðað verði til frambaldsaðalfundar fyrsta miðvikudag í næsta mánuði, vegna ágreinings um stjórnarkjör og þar sem skrifleg atkvæðagreiðsla befur ekki verið undirbúin. — Kjartan Norðdahl.“*

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11,45.

*Ingvar Agnarsson, fundarritari.*

## Greiðslur á árinu 1978 vegna Njálgsgötu 40.

1/ 5	Útborgunarhluti .....	Kr. 500.000			
	Vextir af sama 17%				
	frá 1/7 '77 .....	<u>— 70.333</u>	570.333		
1/ 7	Afb. eftirst. kaupverðs ...	Kr. 446.921			
	Vextir af sama frá 1/7 '77				
	14% af kr. 2.681.527 ...	<u>— 375.414</u>	822.335 2.234.605 (5 ár)		
1/ 9	Útborgunarhluti .....	Kr. 500.000			
	Vextir frá 1/7 '77, 17%	<u>— 99.162</u>	599.162		
1/10	Afb. af áhv. skuldabr. ...	Kr. 363.692			
	Vextir af 1.454.781, 12%	<u>— 174.574</u>	538.266 1.091.089 (3 ár)		
10/12	Lokagr. útborgunar .....	Kr. 500.000			
	Vextir frá 1/7 '77, 17%	<u>— 122.772</u>	622.772		
			Samtals Kr. 3.152.868 3.325.695		

# FÉLAG NYALSSINNA

## Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1977

### E I G N I R :

Sparisjóðsbók nr. 25632 ...	Kr. 62.469	
„                   nr. 37242 ...	— 44.324	
„                   nr. ... 56715	— 90.004	Kr. 196.797
Gíróreikningur nr. 6031 .....	—	31.365
Bókabirgðir .....	—	80.375
Miðgarður, tímarit .....	—	49.635
Bókasafn .....	—	4.027
Innbú .....	—	290.422
Verðbréf .....	—	60.000
<i>Fasteignir:</i>		
Álfhólsvegur .....	Kr. 9.082.500	
Land í Gröf .....	— 1.000.000	
Njálgata 40 .....	— 7.623.562	— 17.706.062
		Kr. 18.418.683

### S K U L D I R :

Lánardrottnar .....	Kr. 1.860.000
Dánargjöf .....	— 60.000
Skuldabréfalán .....	— 4.136.308
Höfuðstóll 1/1 '77 .....	Kr. 10.963.976
Tekjuafgangur '77 .....	— 1.398.375
	— 12.362.375
	Kr. 18.418.683

12. 1. '78,  
Gunnar Grímsson.

## Rekstursreikningur árið 1977

### G J Ö L D :

Fasteignarekstur .....	Kr.	64.002
<i>Ýmis kostnaður:</i>		
Innh.kostn. v/víxla .....	Kr.	691
Fjallaskil .....	—	600
Burðargjöld .....	—	17.610
Gíró seðlar .....	—	6.105
Happdrættismiði .....	—	600
Ráðstefna F. P. R. ....	—	<u>50.000</u>
	Kr.	91.806
Orka .....	—	100.546
Símkostnaður .....	—	23.904
Rekstararhagnaður .....	—	<u>1.398.399</u>
	Kr.	<u>1.678.657</u>

### T E K J U R :

Árgjöld félagsmanna .....	Kr.	356.600
Gjafir .....	—	1.241.597
Vextir .....	—	80.460
<hr/>		
	Kr.	<u>1.678.657</u>

Reykjavík, 12. jan. 1978,  
*Gunnar Grímsson.*

---

## Draumar og svefn

er fjórða bók Þorsteins Jónssonar á Úlfssstöðum. Hún er 84 bls. í Nýalsbroti. Kaflafyrirsagnir gefa hugmynd um efni bókarinnar:

Merkileg draumlifun og sýn til þess, sem verða má (þyðing)  
Draumar og svefn  
Hvað dreymdi þig í nótt?  
Er mark að draumum?  
Samdreymi tveggja  
Endurtekning drauma  
Mótunarvald minninganna  
Ótvíræð dæmi  
Þrí draumar  
Koffortslykillinn  
Ekki „yfirskilvitlegt“  
Hið skiljanlega og hið óskiljanlega  
Áréttung  
Góð athugun  
Undirvitundar- og sambandsskýring  
Í hverju skyggní er falin  
Sambandsskyn en ekki sálfarir  
Um gamla athugun  
Lítill athugun  
Eftirtektarvert dæmi  
Svefn og dauði  
Flug  
Sýn til annarra jarða  
Kraftur frá stjörnum  
Skrifað í dagbók — að kvöldi 24. janúar 1973.  
Eftirmáli

Bókin kostar kr. 700,00 og er til sölu hjá

FÉLAGI NÝALSSINNA  
Álhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.

Skriflegar pantanir má einnig senda í Pósthólf 1159,  
Reykjavík.

---

---

# **ASTROBIOLOGY**

eftir Þorsteini Guðjónssson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrirsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífaflfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

**ASTROBIOLOGY** er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

**ASTROBIOLOGY** skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGÆISLAÚTGÁFAN  
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

---

## EFNISYFIRLIT:

Kóróna sólar (Sjá forsíðumynd) I. A. ....	Bls.	2
FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:		
Félagsfundur 4. janúar 1978 .....	—	3
Félagsfundur 1. febrúar 1978 .....	—	6
Félagsfundur 1. mars 1978 .....	—	7
Aðalfundur 5. apríl 1978 .....	—	8
Greiðslur á árinu 1978 vegna Njálsgötu 40 .....	—	15
Efnahagsreikningur F. N. 31. des. 1977 .....	—	16
Rekstursreikningur F. N. 1977 .....	—	17
Draumar og svefn P. J. (Auglýsing) .....	—	18
Astrobiology P. G. (Auglýsing) .....	—	19

---

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.  
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar  
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.